

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna

haldinn 19. mars 2013 á Icelandair hótél Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2012 var haldinn á Icelandair hótél Reykjavík Natura (áður Hótel Loftleiðir), Þingsal 2, þriðjudaginn 19. mars 2013 kl. 17:00. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik þakkaði traustið, tók við stjórn fundarins og lagði til að Jón Þór Grímsson tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2012.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2012 var aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu sjóðsins. Engar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins lágu fyrir og var því röð dagskrárliða eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Laun stjórnarmanna.
- 7) Laun skoðunarmanna.
- 8) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Fyrst vék Friðbert að skipun stjórnar sjóðsins, en miklar breytingar hafa orðið á skipun stjórnar. Stjórnin er skipuð sex aðilum, en þeir eru Friðbert Traustason, Bergþóra Sigurðardóttir, Ásta H. Bragadóttir, Helgi H. Steingrímsson, Sigurjón Gunnarsson og Þóra Valný Yngvadóttir. Stjórnin skiptir með sér verkum og var Friðbert Traustason kosinn formaður og Bergþóra Sigurðardóttir varaformaður. Það eru því jafn margir aðilar af hvoru kyni í stjórn. Starfsmenn sjóðsins eru samtals fjórir en þeir eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri, Anna Karlsdóttir, Hulda Björk Guðmundsdóttir og Ólafur Kr. Valdimarsson. Þá gat Friðbert þess að stjórnin ynni náið með fjölda sérfræðinga m.a. tryggingarfræðingi, lögfræðingi og endurskoðendum.

Í fyrra gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á sjóðnum þar sem fjárfestingar og fjárfestingarákvarðanir voru athugaðar. Athuginin fór fram með gagnaöflun og heimsókn á starfsstöð. Farið var yfir allar ákvarðanir og ferla frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2011. Að lokinni úttekt gerði Fjármálaeftirlitið 32 blaðsíðna skýrslu. Stjórn sjóðsins kom athugasemdum sínum við skýrsluna á

allt
þótt

framfæri við Fjármálefirlitið sem tók tillit til hluta af athugasemdum stjórnar. Fjármálefirlitið birti í kjölfarið gagnsæistilkynningu á heimasíðu Fjármálefirlitsins. Friðbert fór yfir helstu athugasemdir Fjármálefirlitsins en niðurstaða þess var sú að formfesta við fjárfestingar væri ekki í nógu góðu formi og ekki væri um að ræða fullnægjandi skýrslugjöf til stjórnar sjóðsins. Í því sambandi tók Friðbert fram að allar fjárfestingar nema ein hafi verið borin undir stjórn sjóðsins en um var að ræða 19 daga lán frá Aldursdeild til Hlutfallsdeildar. Í því tilfelli voru engin formleg lánaskjöl undirrituð en fjallað hafi verið um kjör lánsins í fundargerð.

Samkvæmt beiðni Fjármálefirlitsins útbjó innri endurskoðun greinargerð í febrúar 2013. Í greinargerð innri endurskoðunar kom fram að sjóðurinn hefði brugðist við ábendingum Fjármálefirlitsins með ásættanlegum hætti. Friðbert tók fram að hafi eitthvað skort á áður þá hafi verið brugðist við því. Þá tók Friðbert fram að honum væri ekki kunnugt um hvort Fjármálefirlitið hefði uppfært gagnsæistilkynninguna í kjölfar skýrslu innri endurskoðunar.

Friðbert vék að því hvernig eftirliti með fjárfestingum sjóðsins er háttað. Fjármálefirlitið hefur eftirlit með því að lögum sé framfylgt. Auk þess þá er sjóðurinn með félagslega kjörna skoðunarmenn, löggilta endurskoðendur frá Deloitte, löggilta endurskoðendur frá KPMG sem annast innri endurskoðun og endurskoðunarnefnd. Þá eru framkvæmdar tryggingafræðilegar úttektir og endurskoðendur sjóðsins hafa, hingað til, áritað reikninga sjóðsins án athugasemda.

Friðbert fjallaði næst um fjárfestingar sjóðsins. Að sögn Friðberts þá er mikil íhaldssemi í fjárfestingum og fátt um tækifæri. Í dag er u.þ.b. 2,5% ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréfum og innlánsvextir eru lágir. Sjóðfélagalánin eru í dag með 3,5% vöxtum en það er mjög lítil eftirspurn eftir verðtryggðum lánum. Þá er lokað fyrir nýjar erlendar fjárfestingar. Aldursdeildin hefur verið þátttakandi í Framtakssjóðnum og það hefur gengið nokkuð vel.

Næst vék Friðbert að starfsemi einstakra deilda og hóf hann umfjöllun sína á Hlutfallsdeild. Hlutfallsdeildin átti eignir fyrir u.þ.b. 35,7 milljarða í árslok 2012. Friðbert fór yfir raunávöxtun ársins og gat þess að meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára hafi verið 4,57%. Sjóðurinn þolir ekki miklar sveiflur í ávöxtun og það verður erfitt að fjárfesta í framtíðinni ef það verður ekki opnað fyrir erlenda fjárfestingu. Friðbert nefndi í þessu sambandi að það hafi þurft að fjárfesta fyrir u.þ.b. kr. 7 milljarða á síðasta ári á mjög lágu vöxtum. Sjóðurinn nær ekki hárrí ávöxtun þar sem sjóðurinn á ekki erlendar eignir. Greiðandi sjóðfélagar eru mjög fáir. Sjóðfélagar með lífeyri eru 820 og tæpir kr. 2 milljarðar voru greiddir út í lífeyri á árinu. Helstu óvissuþættir deildarinnar eru þeir sömu og áður, hækkandi lífslíkur, örorka, 95 ára reglan og endurmat eigna. Friðbert gat þess að batnandi lífslíkur gera það að verkum að staða sjóðsins versnar á milli ára þrátt fyrir að raunávöxtun ársins hafi verið yfir 5%. Þá hefur þeim fjölgað sem eru á örorkulífeyri. Friðbert lauk umfjöllun sinni um Hlutfallsdeildina með því að nefna að sjóðurinn er á fjórða árinu í röð þar sem tryggingafræðileg niðurstaða er meira en 5% í mínus. Það þurfi því að huga að því hvenær og hvernig farið sé að því að lækka réttindi og fór Friðbert yfir nokkrar mögulegar útfærslur á því.

Þessu næst fjallaði Friðbert um Aldursdeildina. Heildareignir Aldursdeildarinnar í árslok voru u.þ.b. 19,9 milljarðar. Friðbert tilgreindi raunávöxtun ársins og gat þess að meðal raunávöxtun síðustu 10 ára hafi verið 4,38%. Eignir eru nánast allar í íslenskum krónum. Að sögn Friðberts er útkoman sæmileg en báðar deildirnar koma nokkuð vel út í 10 ára samanburði. Í Aldursdeildinni eru 140 á lífeyri og af þeim er u.þ.b. helmingur á örorkulífeyri. Löggjöld ársins voru u.þ.b. kr. 1,44 milljarðar en greiddur lífeyrir var u.þ.b. kr. 134 milljónir. Allir sem eru nýráðnir greiða í Aldursdeild. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar er -4,2% og ekki er ástæða til þess að skerða réttindi núna þótt staðan hafi versnað á milli ára. Sú regla gildir að því er varðar báðar deildirnar að ef tryggingafræðileg staða er undir -5% í 5 ár þá þarf að lækka réttindi. Nýjar lífaldurstölur og endurmat eigna gera það að verkum að staðan versnar lítillega á milli ára. Því næst fjallaði Friðbert um fjárfestingar og fjárfestingarstefnu Aldursdeildarinnar. Í máli Friðberts kom fram að ávöxtun eigna sé í höndum starfsmanna og stjórnar sjóðsins. Allar eignir sjóðsins hafa verið fluttar í stýringu inn til sjóðsins að undanskildu því að Íslensk Verðbréf sjá um að stýringu eigna fyrir u.þ.b. kr. 2 milljarða. Friðbert lauk máli sínu með því að nefna að það væri alltaf verið að

slf
Hbl

endurmeta fjárfestingarstefnu sjóðsins og að farið yrði nánar yfir fjárfestingarstefnur síðar á fundinum.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2012. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeildina kom m.a. fram að hrein eign til greiðslu lífeyris væri u.þ.b. kr. 35,7 milljarðar og hún hefði hækkað um 4,74% á milli ára. Hrein raunávöxtun ársins var 5,06%.

Að því er varðar Aldursdeildina þá kom m.a. fram að hrein eign til greiðslu lífeyris væri u.þ.b. kr. 19,9 milljarðar og hún hefði hækkað um 18,53% á milli ára. Hrein raunávöxtun ársins var 5,57% en hún var 3,52% á árinu 2011. Sigtryggur gat þess að hrein eign umfram heildarskuldbindingar væri -4,2% samanborið við -3,9% árið áður. Þá kom fram í máli Sigtryggs að skuld deildarinnar að fjárhæð kr. 241 milljónir ætti að mestu röt sína að rekja til þess að ekki hefði náðst að greiða sjóðfélögum inneign sína sem tengist breytingu á deildum sem átti sér stað fyrir nokkrum árum. Væri ástæðan sú að mjög erfitt hafi reynst að fá upplýsingar hjá þeim um það hvert greiða skuli. Þá er hluti skuldarinnar til kominn vegna óuppgærðra framvirka samninga við Kaupþing en búið er að ná mjög hagstæðu samkomulagi við slitastjórn Kaupþings um uppgjör á þeirri skuld.

Í yfirferð sinni vék Sigtryggur að því að rekstrarkostnaður annarrar deildarinnar hefði lækkað en hækkað hjá hinni á árinu. Ástæða þess er sú að samkvæmt samþykktum sjóðsins er rekstrarkostnaður greiddur hlutfallslega í samræmi við stöðu eigna. Nettóniðurstaðan var þó sú að rekstrarkostnaður sjóðsins lækkaði um u.þ.b. 4% á árinu.

Sigtryggur lauk máli sínu með því að benda á mjög ítarlegar skýringar endurskoðanda með ársreikningnum sjálfum varðandi báðar deildirnar. Því næst tók Hinrik Greipsson, fundarstjóri, til máls og gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga deildanna. Ólafur Ólafsson spurði, í tengslum við útkomu ársins og þegar horft væri til framtíðar, sérstaklega að því er varðar Hlutfallsdeildina, hversu lengi það væri ásættanlegt fyrir þá sem eru að greiða í sjóðinn að bíða eftir að sjá skerðingu á útgreiddum lífeyri. Ólafur spurði hvort ekki væri réttara að taka skellinn strax þar sem þeir sem eru að greiða í sjóðinn væru að halda uppi kerfinu. Friðbert Traustason, formaður, svaraði Ólafi og sagði að tvær aðferðir kæmu til greina, taka höggið alla leið eða hugsanlega skerða þannig að tryggingafræðileg staða yrði rétt undir -5%. Þá væri möguleiki á að skerða réttindin í gegnum verðbólguna í ljósi þess að verðbólgan mælist almennt um 4-6% á ári. Friðbert sagði að sjóðurinn hefði aldrei skert réttindi en það væri ljóst að það þyrfti að gera það á næsta ári, útfærsla þess væri í höndum stjórnar. Ólafur sagði þá að þeir sem hefðu greitt inn í sjóðinn síðustu 5 ár myndu sæta tapi þó svo að þetta sé leiðrétt til framtíðar með einu pennastriki.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar. Greidd voru atkvæði um ársreikning Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar í sitt hvoru lagi og voru þeir báðir samþykktir samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans og ársreikningar voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins. Bjarni fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirbyggjandi skýrslum um báðar deildir.

Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri úttekt eru verðmæti eigna sjóðsins og iðgjöld borin saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris.

slf
H4

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeildina fór Bjarni m.a. yfir áunna stöðu, framtíðarstöðu og heildarstöðu deildarinnar. Sem hlutfall af skuldbindingum þá er áunna staðan -6,2%, framtíðarstaðan er -22,5% og heildarstaðan rétt tæp 8%. Bjarni fór þá nokkuð ítarlega yfir útreikningsaðferðir við endurmat á eignum. Staða deildarinnar versnar á milli ára vegna lækkaðs endurmats á eignum og hækkandi lífaldurs. Að sögn Bjarna þá er ekki ólíklegt að staðan versni aftur á næsta ári vegna framangreindra þátta.

Í yfirferð sinni yfir Aldursdeild þá kom fram hjá Bjarna að iðgjaldið ætti að gefa u.þ.b. jafn verðmæt réttindi og sem nemur skuldbindingum. Þá kom fram að áunna staðan væri -8,7%, sem rekja mætti til bankahrunsins, framtíðarstaðan væri 0,4% og heildarstaðan væri -4,2%. Ávöxtun í deildinni er yfir viðmiðum en versnar þó lítillega á milli ára m.a. vegna þess að lífslíkur hafa aukist.

Bjarni fór auk þess yfir töflu sem sýndi breytingar á lífslíkum undanfarin misseri.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingarfræðilega úttekt. Friðbert Traustason, formaður, nefndi að því er varðar skýringu nr. 11 í ársreikningi á bls. 12, að um væri að ræða fjársjóð sem gott væri að eiga.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu 2012.

Friðbert hóf yfirferð sína á Hlutfallsdeildinni en þar er íhaldssöm fjárfestingarstefna. Um 90% af öllum eignum deildarinnar eru í innlánum eða ríkisskuldabréfum en deildin þolir illa sveiflur. Stjórnin hefur verið íhaldssöm í gegnum árin og hefur ekki fjárfest mikið í erlendum eignum eða hlutabréfum. Um 99% af eignum eru verðtryggðar enda eru útgreiðslur verðtryggðar. Friðbert lauk yfirferð sinni yfir Hlutfallsdeildina með því að taka fram að afar lítið hefði verið sótt í sjóðfélagalán árið 2012.

Því næst vék Friðbert sér að Aldursdeildinni en 70% af eignum hennar eru í formi innlána og ríkisskuldabréfa. Þá á sjóðurinn einnig hlutdeildarskírteini og fleiri eignir en innan við 10% af eignum deildarinnar eru í erlendum eignum. Þá fjallaði Friðbert um fjárfestingu deildarinnar í Framtakssjóðnum en þegar á reyndi þá fjárfestu einungis 16 af 30 lífeyrissjóðum í Framtakssjóðnum. Að sögn Friðberts þá hefur sú fjárfesting skilað ágætri ávöxtun. Ekki hefur orðið mikið breyting á fjárfestingarstefnu deildarinnar að undanförnu.

Orðið var þessu næst gefið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins en enginn kvað sér hljóðs. Hinrik Greipsson, fundarstjóri, tók fram að ekki færi fram kosning stjórnarmanna á fundinum þar sem stjórnin hafi verið kosin í fyrra en kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár.

5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Jón Ívarsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu kr. 70.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 35.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 70.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 35.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna. Guðríður Kristjánsdóttir spurði hver launin hefði verið í fyrra. Friðbert Traustason



svaraði því til að launin hefðu verið eitthvað lægri. Því næst var gengið til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.


7) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum. Guðríður Kristjánsdóttir óskaði eftir því að starfsmenn sjóðsins hafi skýrari upplýsingar um það við hvað sé miðað þegar fólk fær lífeyri, þ.e. m.v. laun hverra er miðað. Guðríður segir að ekki sé nægjanlegt að fá bara eina heildartölu. Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, svaraði Guðríði og sagði að það væri sjálfsagt að taka þetta til athugunar. Þá tók til máls Ólafur Ólafsson og benti á að það kynni að vera skynsamlegt að senda upplýsingar varðandi Hlutfallsdeild og Aldursdeild á sama yfirliti þar sem ekki væru sömu upplýsingar í tilkynningum frá deildunum. Sigtryggur svaraði Ólafi og sagði að það væri erfitt að koma því við þar sem deildirnar væru rekstrarlega og tæknilega aðskildar.


Enginn annar kvað sér hljóðs. Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð og var fundi slitið kl. 18:30. Fundarmenn voru um það bil 30 talsins.

Reykjavík, 27. mars 2013.

Fundarstjóri:


Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Jón Þór Grímsson